

AUGLÝSING um deiliskipulagsbreytingu í Hrunamannahreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykkt eftirfarandi breytingu á deiliskipulagi:

Óveruleg deiliskipulagsbreyting, Melakvísl 2, L210669. Skipting lóðar í a og b auk stækkunar. Mela, L166840 og Hrafnkelsstaðir 2, lóð, L216611.

Um er að ræða óverulega breytingu á deiliskipulagi sem tekur til lóðar Melakvíslar 2. Í breytingunni felst heimild fyrir uppskiptingu lóðar auk þess sem heildarstærð lóðarinnar er aukin. Jafnframt breytast lóðamörk milli Hrafnkelsstaða 2, lóð, L216611 og Mela, L166840, vegna makaskipta. Einnig hliðrast áætlaður vegur vestan við gróðurhúsið örlítið til vesturs frá gróðurhúsunum.

Samþykkt í sveitarstjórn Hrunamannahrepps 1. júní 2023.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 6. júní 2023.

Skipulagsfulltrúi Umhverfis- og tæknisviðs uppsveita bs.,

Vigfús Þór Hróbjartsson.

B-deild – Útgáfudagur: 21. júní 2023